# Landssamband fiskeldisstöðva

Þorskeldiskvóti
Fundur á Djúpavogi 11. – 12. september 2008
Ný lög um fiskeldi nr. 77 – 11. júní 2008
Guðbergur Rúnarsson



## Ný lög um fiskeldi, nr. 71/2008



- Með lögunum eru sameinuð í ein lög ákvæði sem voru í lögum nr. 57/2006, um eldi vatnafiska og lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, sem bæði hafa verið felld úr gildi.
- **Nýju lögin tóku gildi 1. júlí 2008.**
- Í nýju lögunum gert ráð fyrir að stjórnsýsla og eftirlit með fiskeldi verði að mestu flutt til frá Matvælastofnun til Fiskistofu.
  - Áfram er þó gert ráð fyrir að Matvælastofnun fari með eftirlit með lögum og stjórnvaldsreglum sem lúta að matvælaeftirliti og heilbrigði eldisfiska.
  - Þá er í lögunum gert ráð fyrir að fiskeldisnefnd starfi ekki lengur eftir gildistöku þeirra en fiskeldið heyrði undir tvö ráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti fram að síðustu áramótum og var nefndin eins konar samvinnuvettvangur þessara ráðuneyta.



## Markmið laga um fiskeldi

- Er að skapa skilyrði til uppbyggingar eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.
- Að einfalda og samræma stjórnsýslu og eftirlit á þeim sviðum sem þau gilda um.
- Ég vænti þess að að þær ráðstafanir sem felast í lögunum leiði til þess að öll starfsemi sem þau fjalla um verði mun skilvirkari og markvissari og að þau verði þannig til hagsbóta og til að efla og styrkja fiskeldi sem atvinnugrein hér á landi. (Einar Kr. Guðfinnsson)



## Þorskeldi

- Tilraunir með þorskeldi hafa gengið vel á undanförnum árum.
- Áætlað er að framleiðslan verði rúm 1500 tonn á þessu ári. Eins og við vitum þá byggjast tilraunir með þorskeldi á úthlutun kvóta og söfnun á seiðum og ungfiski.
- Mikilvægt er að hægt verði að framleiða kynbætt eldisseiði sem þorskeldisfyrirtækin byggi framleiðslu sína á.
- Nefnd sem skipuð var af ráðherra í nóvember sl. og ætlað er að koma með tillögur um aðgerðir til eflingar þorskeldis á Íslandi er enn að störfum, en mun skila niðurstöðu sinni fljótlega.
- Mikilvægt er að stórefla seiðaframleiðslu í þorski og veit ég að tillögur nefndarinnar munu fjalla um hvernig það verði best framkvæmt. (Einar Kr. Guðfinnsson)



## LF og lögin



- 3 fundir með ráðuneyti og stofnunum
- 1 fundur með landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd
- Umsagnir til þingsins, LF, SF og SA
- Höfðum áhrif og náðum nokkrum árangri
  - Þess var ekki að vænta að allt gengi eftir
- Mikilvægt að umhverfi greinarinnar sé gott
- Mjög mikilvægt að fiskeldismenn standi þétt saman.



## Nefndarálit



- Kallaðir fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd:
  - Landssamband fiskeldisstöðva, ráðuneytisfólk, Matvælastofnun, Landssamband veiðifélaga (LV), Laxfiskar og Fiskistofu.
  - Umsagnir bárust frá Landsvirkjun, LV, Matvælastofnun, Fiskistofu, LF, Fjórðungssamband Vestfjarða, Náttúrufræðistofnun Íslands, BÍ, Norðurorku, OR, SÍS, SA, SF, UST, Veiðimálastofnun og ASÍ.
  - Nefndin tók undir margt sem LF lagði fram. Það helsta:
    - Heimild til að flytja inn notaðan búnað sem sannanlega er hægt að sótthreinsa
    - Meira samráð við félagið og sveitarfélögin
    - Heilmikil grein um hugtakið “neikvæð vistfræðileg áhrif”
  - Nefndarálitið er mikilvægt plagg við túlkun laganna.

## Leyfi og eftirlit í fiskeldi



- Leyfi
  - Rekstrarleyfi – Fiskistofa
  - Starfsleyfi – Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd
  - Umhverfismat – Skipulagsstofnun
- Eftirlit
  - Fiskistofa – fiskeldi, slátrun, vinnsla, flutningur og útflutningur.
  - Umhverfisstofnun - þættir sem koma fram í starfsleyfi, mengunarmörk, vatnsgæði frárennslis, grænt bókhald o.fl.
  - Yfirdýralæknir (mast.is) – matvæli, velferð dýra, fóður, neysluvatn

## Ýmsar greinar laga nr. 71/2008



- 5.gr *Svæðaskipting fiskeldis* með ströndum landsins.
  LF er umsagnaraðili.

- 6.gr *Staðbundið bann við fiskeldi* á sérlega viðkvæmum svæðum.

- 7.gr *Rekstrarleyfi*. Fiskistofa aflar umsagnar Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og viðkomandi sveitarstjórnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.



## Ýmsar greinar laga nr. 71/2008, frh...



8.gr *Umsókn um rekstrarleyfi* til fiskeldis skal vera skriflegt.

Upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjenda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir og eldisaðferðir, matsskyldu vegna framkvæmda samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umsókn skal fylgja heimild til afnota lands, vatns og sjávar, áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur, svo og önnur gögn sem Fiskistofu eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.

## Ýmsar greinar laga nr. 71/2008, frh...



9.gr *Málsmeðferð rekstrarleyfis til fiskeldis.*

Fiskistofa leggjur mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem geta fylgt starfseminni. Getur kallað eftir frekari upplýsingum áður en rekstrarleyfi er veitt.

Getur farið fram á að rannsakað sé á eigin kostnað hvort fyrirhuguð starfsemi feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum eða hvort um neikvæð vistfræðileg áhrif geti orðið að ræða.

Rannsóknir umsækjanda geta m.a. falist í merkingum á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt um aðra hagsmuni í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mati á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mati á göngu laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar.

Ráðherra getur í reglugerð mælt nánar fyrir um þau atriði sem rannsókn lýtur að.

# Ýmsar greinar laga nr. 71/2008, frh...



10.gr *Efni og útgáfa rekstrarleyfis til 10 ára*.

Ákvæði um stærð, tegundir, eldisgerð, skyldu um vöktun, rannsóknir, varúðarráðstafnir fyrir sleppifisk og endurheimtun.

11. gr *Upphaf starfssemi – úttektir*. Óheimilt er að taka á móti eldisfiski án rekstrarleyfis.

12. gr *Friðunarsvæði.* Umsagnaraðilar: Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnunin . Fjárhagslegt tjón skal bæta vegna friðunarsvæða.

13. gr *Veiðar fisks* sem sleppur.



# Ýmsar greinar laga nr. 71/2008, frh...



14. gr. *Eftirlit og skýrslugjöf.*

Fiskistofa skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við lög.

Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.

Eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða skal hins vegar framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við lög þar að lútandi.

Upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum

15. gr. *Forsendubrestur.* Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun er heimild til að fella leyfið úr gildi.

16. gr. *Afturköllun rekstrarleyfis.* Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara

# Ýmsar greinar laga nr. 71/2008, frh...



17. gr. *Framsal.* Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis án skriflegs samþykkis Fiskistofu er óheimil

18. gr. *Skaðabætur.*

*Tjón* vegna þess að tekin er ákvörðun um bann eða takmörkun á starfsemi bætist af ríkissjóði

missir eldisfisks úr fiskeldisstöð sem veldur sannanlegu tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa er skaðabótaskylt samkvæmt mati

19. gr. *Tilflutningur eldisfisks.* Kynbættan eldisfisk er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit

20. gr. *Eldisbúnaður. Óheimilt er að flytja inn notaðan eldisbúnað.*

....Einnig getur Matvælastofnunin með sömu skilyrðum heimilað innflutning á öðrum eldisbúnaði enda þyki sannað að ekki berist smitefni með honum sem valda dýrasjúkdómum.

# Ýmsar greinar laga nr. 71/2008, frh...



4.gr *Stjórnsýsla*

Allar fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva, sem gæta sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

Takk !



